

Áskriftarskilmálar fyrir Lagavita

1. Inngangur og gildissvið

Þessir áskriftarskilmálar gilda um kaup áskrifanda á áskrift að gervigreindarhugbúnaðarlausninni Lagavita („**Lagaviti**“ eða „**lausnin**“), sem er í eigu Lagavita ehf., kt. 650624-2620 („**LV**“).

Áskrifandi er skilgreindur sem sá lögaðili sem skráir notanda, einn eða fleiri, í áskrift að Lagavita og ber ábyrgð á greiðslum til LV samkvæmt þessum áskriftarskilmálum.

Áskriftarskilmálarnir eru viðbót við og óaðskiljanlegur hluti af „Notkunarskilmálum fyrir Lagavita“. Með áskrift sinni samþykktir áskrifandi, fyrir eigin hönd og þeirra notanda sem hann hefur skráð í áskrift, að hlíta bæði þessum áskriftarskilmálum og notkunarskilmálum.

2. Áskriftarferli, áskriftargjöld og notkunargjöld

- a. Áskrifandi velur áskriftarleið við skráningu. Upplýsingar um gildandi áskriftarleiðir hafa verið sendar áskrifanda í tölvupósti og hann hefur staðfest val á áskriftarleið í tölvupósti til LV eða með skráningu í gegnum heimasíðu LV, þar sem einnig er að finna upplýsingar um gildandi áskriftarleiðir.
- b. Áskriftargjöld greiðast fyrirfram fyrir hvern mánuð á áskriftartímabilinu í samræmi við verðskrá Lagavita á hverjum tíma að teknu tilliti til þeirrar áskriftarleiðar sem áskrifandi hefur valið.
- c. Notkunargjöld, sbr. d-lið, greiðast eftir á fyrir hvert mánaðartímabil á áskriftartímabilinu. Mánaðartímabil teljast frá upphafi 20. dags mánaðar til loka 19. dags næsta mánaðar. Notkunargjöld fyrir fyrra mánaðartímabil skulu greidd á sama tíma og áskriftargjöld fyrir næsta mánuð. Ef uppsögn áskriftar hefur tekið gildi, skulu notkunargjöld vegna síðasta mánaðartímabils greidd innan 30 daga.
- d. Notkunargjöld eru innheimt í tengslum við notkun hvers notanda á Lagavita og kostnað sem tengist notkun stórra málmyndandi líkana frá þriðju aðilum. Notkunargjöld eru sýnd í bandarískum dollurum (USD) þar sem kostnaður LV byggir á gjöldum frá erlendum birgjum. Með reikningi LV vegna notkunargjalda skal fylgja sundurliðun kostnaðar niður á notendur. LV mun jafnframt gera áskrifanda kleift að sjá upplýsingar um áfallin notkunargjöld hvers notanda sem næst rauntíma. Þá mun LV gera hverjum notanda kleift að sjá upplýsingar um áfallin notkunargjöld þeirra sem næst rauntíma.
- e. Fyrir hvert mánaðartímabil, sbr. c-lið, skal fjárhæð notkunargjalda í USD, sbr. d-lið, umreiknuð yfir í íslenskar krónur (ISK) miðað við opinbert miðgengi USD gagnvart ISK eins og það er skráð af Seðlabanka Íslands á þeim degi sem reikningur er gefinn út.
- f. Í tilvikum þar sem LV kann að bjóða áskrifendum endurgjaldslausan prufuadgang að almenna hluta Lagavita fyrstu 7 dagana frá upphaflegri skráningu áskrifanda í áskrift („**prufutímabil**“) skal LV gefa út og senda áskrifanda reikning vegna áskriftargjalda við skráningu í áskrift í samræmi við þá áskriftarleið sem áskrifandi hefur valið. Sé áskriftinni ekki sagt upp á prufutímabilinu skal litið svo á að áskriftin haldi gildi sínu í samræmi við hina völdu áskriftarleið og skilmála þessa. Sé áskriftinni hins vegar sagt upp á prufutímabilinu skal hún falla niður þá þegar við uppsögnina og skal LV þá loka aðgangi áskrifandans sem og fella

niður reikninginn og senda áskrifanda kreditreikning. Þegar um slíka uppsögn er að ræða ber áskrifanda þó ávallt að greiða LV notkunargjöld á prufutímabilinu og skal LV senda áskrifanda sérstakan reikning vegna þeirra. Hver áskrifandi og notandi fær einungis eitt prufutímabil og falla þar einnig undir prufutímabil í Alpha-prófanaútgáfu og Beta-prófanaútgáfu sem áskrifandi eða notandi á hans vegum kann að hafa fengið.

- g. LV áskilur sér rétt til að breyta áskriftargjöldum og notkunargjöldum. Slíkar breytingar taka gildi við upphaf næsta áskriftartímabils eftir að tilkynning um breytinguna hefur verið send áskrifanda með hæfilegum fyrirvara með tölvupósti. Ef áskrifandi er ósammála breyttum áskriftargjöldum og/eða notkunargjöldum getur hann sagt upp áskriftinni í samræmi við 4. gr. þessara áskriftarskilmála.
- h. Öll gjöld eru óendurkræf nema annað sé sérstaklega tekið fram í þessum áskriftarskilmálum eða lög kveði á um annað. Við vanskil áskriftargjalda og/eða notkunargjalda áskilur LV sér rétt til að loka aðgangi notenda á vegum áskrifanda að Lagavita þar til full greiðsla hefur borist.

3. Lengd áskriftar og endurnýjun

- a. Áskriftartímabil er sá tími sem áskrifandi er skráður fyrir, t.d. mánuður, ársfjórðungur eða ár, eins og það er nánar skilgreint í viðkomandi áskriftarleið.
- b. Að liðnu áskriftartímabili endurnýjast áskrift áskrifanda sjálfkrafa um sama tímabil og áður gildi, nema áskrifandi eða LV segi áskriftinni upp í samræmi við 4. gr. þessara áskriftarskilmála.

4. Uppsögn áskriftar

- a. Áskrifandi getur sagt upp áskrift sinni með tölvupósti með 30 daga fyrirvara. Uppsögn tekur gildi við lok þess áskriftartímabils sem 30 daga uppsagnarfresturinn rennur út á. Áskrifandi er skuldbundinn til að greiða áskriftargjöld og notkunargjöld út allt það áskriftartímabil sem uppsögnin tekur gildi á.
- b. Ákvæði a-liðar gildir ekki um uppsögn á prufutímabilinu, sbr. f-lið 2. gr. þessara áskriftarskilmála.
- c. Til viðbótar við framangreint getur áskrifandi, sem keypt hefur áskrift m.v. 12 mánaða bindingu fyrir 1. september 2025, sagt upp áskriftarbindingunni innan 30 daga frá skráningu áskriftarinnar. Leiðir slík uppsögn einungis til þess að áskriftin verður í framhaldinu ekki bundin til 12 mánaða, en um uppsögn áskriftarinnar sem slíkrar fer að öðru leyti eftir öðrum ákvæðum þessara áskriftarskilmála.
- d. LV getur sagt upp áskrift áskrifanda án fyrirvara ef áskrifandi eða notandi á hans vegum hefur brotið verulega gegn notkunarskilmálum, en til verulegra brota teljast m.a. þau atriði sem tilgreind eru í e- og f-lið 4. gr. notkunarskilmálanna. Sama gildir ef áskrifandi brýtur verulega gegn þessum áskriftarskilmálum, s.s. með því að vanefna greiðslu áskriftargjalda og/eða notkunargjalda. Þá er LV heimilt að segja áskrift áskrifanda upp án fyrirvara ef gert hefur verið fjárnám hjá áskrifanda, hann hefur óskað eftir greiðslustöðvun, hann hefur óskað eftir gerð nauðasamnings við kröfuhafa eða lögð hefur verið fram beiðni um gjaldprotaskipti á búi áskrifanda.
- e. Aðgangur notenda á vegum áskrifanda að Lagavita fellur niður þegar uppsögn áskriftar tekur gildi.

- f. Ekki er veitt endurgreiðsla nema lög kveði á um annað eða um verulegt brot LV sé að ræða. Áskrifandi er jafnframt skuldbundinn til að greiða notkunargjöld sem hafa fallið til áður en uppsögnin tók gildi.

5. Breytingar á áskriftarskilmálum

LV áskilur sér rétt til að breyta þessum áskriftarskilmálum. Tilkynning um breytingar skal send áskrifanda með hæfilegum fyrirvara með tölvupósti. Ef notendur á vegum áskrifanda halda áfram að nota Lagavita eftir að breytingar hafa tekið gildi telst áskrifandi samþykkur hinum breyttu áskriftarskilmálum.

6. Tengsl við notkunarskilmála

Notkunarskilmálar gilda um áskriftina að því leyti sem ekki er öðruvísi kveðið á um í áskriftarskilmálum þessum, þ.m.t. varðandi ábyrgðartakmörkun LV. Áskrifandi viðurkennir og samþykkir að Lagaviti, þ.m.t. undirliggjandi hugbúnaður, reiknirit, kerfisfyrirmæli, gervigreindarlíkön, viðmót, samsetning gagna og öll tengd tækni og þekking sem áskrifandi og notendur á hans vegum kunna að öðlast aðgang að, séu og verði áfram eign LV og feli í sér verðmæt hugverkaréttindi og viðskiptaleyndarmál LV sem njóta verndar samkvæmt íslenskum lögum, þ.m.t. höfundalögum nr. 73/1972 og lögum nr. 131/2020 um viðskiptaleyndarmál. Áskrifandi skuldbindur sig til að tryggja að notendur á hans vegum virði þessi réttindi og er með öllu óheimilt, eins og nánar er kveðið á um í notkunarskilmálum, að afla, nota eða afhjúpa slík viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar LV með ólögumætum hætti, svo sem með bakvirkjun (e. „reverse engineering“), afritun, afkóðun, eða með notkun lausnarinnar til að þjálfa samkeppnisvörur. Brot gegn þessu ákvæði telst verulegt brot á samningi þessum og getur varðað tafarlausri riftun og/eðeða kröfu um skaðabætur skv. 13. gr. laga nr. 131/2020.

7. Ýmis ákvæði

- a. **Lög og lögsaga:** Áskriftarskilmálar þessir og öll ágreiningsmál sem upp kunna að koma í tengslum við þá skulu lúta íslenskum lögum. Rísi mál vegna þessara áskriftarskilmála skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.
- b. **Ógildingarákvæði:** Verði eitthvert ákvæði þessara áskriftarskilmála dæmt ógilt, ólöglegt eða ekki fullnustuhæft, skal það ekki hafa áhrif á gildi eða fullnustuhæfi annarra ákvæða.
- c. **Framsal:** Áskrifanda er óheimilt að framselja réttindi sín eða skyldur samkvæmt þessum áskriftarskilmálum án skriflegs samþykkis LV. LV getur framselt réttindi sín og skyldur samkvæmt þessum áskriftarskilmálum.

8. Samskipti og tilkynningar

Allar tilkynningar samkvæmt þessum skilmálum skulu vera skriflegar og sendar á þau netföng sem aðilar hafa tilgreint.

Netfang LV: lagaviti@lagaviti.is

Dagsetning síðustu uppfærslu skilmálanna: 14. ágúst 2025